

LEIÐBEININGAR

um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl.

I. Um atkvæðagreiðslu á stofnunum og dvalarheimilum aldraðra.

1. gr.

Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, eða er heimilismaður á dvalarheimili aldraðra eða stofnun fyrir fatlað fólk, er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt nánari reglum í leiðbeiningum þessum.

Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

2. gr.

Rétt til að greiða atkvæði utan kjörfundar á sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra eða stofnunum fyrir fatlað fólk hafa eingöngu þeir sem dveljast þar og eru þar til meðferðar eða eru vistmenn þar eða heimilismenn. Aðrir hafa ekki rétt til að greiða þar atkvæði.

3. gr.

Kjörstjóra ber að kanna í samráði við stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða dvalarheimilis aldraðra og að fengnum upplýsingum um þá sem eru þar til meðferðar eða eru þar vistmenn eða heimilismenn, hvort ástæða sé til að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram og þá hvenær.

Ákvörðun um þetta efni skal tekin eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal þá birta auglýsingu innan hlutaðeigandi stofnunar eða dvalarheimilis aldraðra um það hvar atkvæðagreiðsla fer fram og á hvaða tíma. Jafnframt skal tilkynna umboðsmönnum framboðslista um atkvæðagreiðsluna fyrirfram.

Atkvæðagreiðslan skal hefjast og henni ljúka á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar eða dvalarheimilis aldraðra. Miða skal við að atkvæðagreiðsla fari fram í eitt skipti í hverri stofnun eða dvalarheimili aldraðra og þess gætt að öllum sem þess óska og rétt hafa gefist hæfilegt ráðrúm til að nýta sér auglýstan tíma. Atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi skal fara fram sem næst kjördegi.

4. gr.

Hlutaðeigandi stofnun eða dvalarheimili aldraðra skal láta í té hentuga aðstöðu, svo og eftir atvikum aðstoðarfólk, þannig að atkvæðagreiðsla geti gengið sem greiðast fyrir sig og með fyrirskipuðum hætti. Kjósanda ber að koma á fund kjörstjóra þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, og því aðeins má atkvæðagreiðsla fara fram á sjúkrastofu eða í herbergjum heimilismanna dvalarheimila og fatlaðs fólks eða vistmanna, að verulegir annmarkar séu á að flytja kjósanda á fund kjörstjóra.

II. Um atkvæðagreiðslu í heimahúsum.

5. gr.

Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi, nema hann eigi þess kost að greiða atkvæði á stofnun eða dvalarheimili aldraðra skv. 1. gr.

6. gr.

Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg á þar til gerðu umsóknareyðublaði, sem prentað er sem fylgiskjal 1 með leiðbeiningum þessum, og er á kosningavef innanríkisráðuneytisins: kosning.is. Umsóknin skal studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans. Skal umsóknin hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag.

7. gr.

Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt sem utankjörfundarstjóra tvo trúnaðarmenn til að annast framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósenda. Um þá atkvæðagreiðslu fer að öðru leyti eins og um kosningu hjá kjörstjóra.

III. Almenn ákvæði.

8. gr.

Atkvæðagreiðsla skv. 1.-7. gr. má ekki fara fram fyrir en þremur vikum fyrir kjördag.

9. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa, m.a. um heimild kjörstjóra til að veita kjósenda aðstoð eða heimild kjörstjóra til að verða við ósk kjósenda um að fulltrúi, sem kjósandinn hefur valið sjálfur, aðstoði hann við atkvæðagreiðsluna eða heimild kjósenda til þess að leggja fram vottorð réttinda-gæslumanns, geti kjósandinn ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn um að fulltrúinn aðstoði hann við atkvæðagreiðsluna, gilda að öllu leyti sömu reglur og um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar almennt, sbr. XII. kafla laga um kosningar til Alþingis, einkum 62.-63. gr.

Aðstoð, hvort sem hún er innt af hendi kjörstjóra eða fulltrúa sem kjósandi hefur valið sjálfur, má því aðeins veita að kjósandi sé ekki fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða vegna þess að honum er höndin ónothæf. Kjörstjóra er óheimilt að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Ef fulltrúi kjósenda aðstoðar hann við að greiða atkvæði er fulltrúinn bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósenda fer á milli við atkvæðagreiðsluna. Í því skyni staðfestir fulltrúinn heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað, sem prentað er sem fylgiskjal 2 með leiðbeiningum þessum, og er á kosningavef innanríkisráðuneytisins: kosning.is.

Fulltrúa kjósendans er óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósenda við sömu kosningu og um aðstoð hans við kjósendann eiga við ákvæði 62.-67. gr. laga um kosningar til Alþingis.

10. gr.

Leiðbeiningar þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi leiðbeiningar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl., nr. 331 2. maí 2002.

Innanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal 1.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**UMSÓKN UM AÐ FÁ AÐ
GREIÐA ATKVÆÐI Í HEIMAHÚSI**

Afhendist kjörstjóra í því sveitarfélagi þar sem kjósandi dvelst síðustu þrjár vikur fyrir kjördag.
Umsóknin skal hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag.

Til kjörstjórans (sýslumannsins) _____
(aðsetur/sveitarfélag)

Ég undirrituð/undirritaður

Fullt nafn _____

Kennitala _____

Lögheimili _____

Óska eftir að fá að greiða atkvæði við komandi kosningar á dvalarstað mínum sem síðustu þrjár vikur fyrir kjördag verður:

_____ (götuheiti og númer) _____ (sveitarfélag)

Farsími eða sími á dvalarstað _____

Netfang (ef við á) _____

Ég lýsi því yfir að vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar mun ég ekki geta sótt kjörfund á kjördegi. Ég tek fram að ég tel mig ekki haldna/haldinn alvarlegum sjúkdómi sem smitar við umgengni.

_____ (dagsetning) _____ (undirskrift)

VOTTORÐ

Ég undirrituð/undirritaður, sem er lögráða, staðfesti að ofangreindur umsækjandi mun ekki geta sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar.

_____ (dagsetning) _____ (undirskrift)

Fyrir kjörstjóra _____

Fylgiskjal 2.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

ÞAGNARHEIT FULLTRÚA

sem kjósandi valdi sjálfur til að aðstoða sig við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skv. 4. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. 1. gr. laga nr. 111/2012.

Ég undirritaður, fulltrúi kjósanda, heiti því að segja ekki frá því sem mér og neðangreindum kjósanda fer á milli við atkvæðagreiðsluna.

Nafn fulltrúa kjósanda _____

Lögheimili _____

Kennitala _____

.....

Nafn kjósanda _____

Lögheimili _____

Kennitala _____

Dagsetning _____

Undirskrift fulltrúa kjósanda _____

Ef fulltrúi kjósanda segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði er fulltrúanum kunnugt um refsíákvæði XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og XVIII. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Sömu refsíákvæði eiga við ef fulltrúi kjósanda gerist fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu.

.....

Þagnarheit móttakið af kjörstjóra skv. 1. mgr. 58. gr. eða 2. mgr. 59. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.9

Undirskrift kjörstjóra
og stimpill ef við á _____

Eyðublað þetta gildir enn fremur við þagnarheit fulltrúa kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við sveitarstjórnarkosningar, sbr. 4. mgr. 43. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við íbúakosningar og sameiningar sveitarfélaga, sbr. 6. mgr. 107. gr. og 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.